

Stjórn FOKS.

Fundur í Síðuskóla 12. apríl 2007 kl. 17.30

Mættir eru Vignir, Helga, Guðríður, Sigrún og Sigríður.

Helga formaður byrjar á að segja okkur frá því að SAMTAKA hafi hætt við að halda ball fyrir 10. bekk eftir samræmd próf. Var það gert út af lélegum undirtektum foreldra sem talað var við og áhugaleysi. SAMTAKA ætlar frekar að efla foreldraröltið sem verður þetta kvöld og reyna að skipuleggja það þannig að það mæti ákveðinn fjöldi frá hverjum skóla.

Vorhátíð í Síðuskóla verður haldin 13 maí. Tími er 14:00–16:00.

Áveðið var að kalla á alla bekkjarfulltrúa á fund í næstu viku og setja upp skipulagið þá.

Notast á við skipulag frá því í fyrra sem gafst ágætlega.

Hlutavelta verður í höndum 3. 4. og 9. bekkjar.

Kaffisala í höndum 2. og 8. bekkjar.

Tiltekt í höndum 5. og 6. bekkjar.

Pylsugrill í höndum 7. bekkjar.

Nýnemar í höndum 1. bekkjar.

Helga og Guðríður ætla að reyna að redda spákonum og var talað um að hafa þær 4 á sama tíma til að komast hjá biðröðum. Í fyrra voru langar biðraðir. Andlitsmálun í höndum stelpna í 8., 9. og 10. bekkjar.

Sigga ætlar að tala við Magnús húsvörð.

Sigga ætlar að tala við smíða- og handmenntakennara til að ítreka að krakkarnir sýni einhverja hluti sem þau hafa gert í vetur.

Athuga hvað það eru margir í 1. bekk á næsta ári og hvað við eigum marga boli.

Guðríður og Helga ætla að panta þá boli sem vantar upp á.

Sigga ætlar að senda bréf á alla bekkjarfulltrúa á morgun um fundinn í næstu viku.

Helga sýndi okkur þau bréf sem fóru heim í fyrra og það þarf að laga þau, breyta dagsetningum o.s.frv.

Auglýsing í dagskránnu þarf að fara inn ekki seinna en 7. maí. Það ætlar Helga að sjá um

Sigga ætlar að ræða við tónmennta-, dans- og flautukennara.

Það komu uppástunga að kaupa skemmtiatriði, Kárús og Baktus eða einhverja söngvara og ætlum við að leggja það undir bekkjarfulltrúa í næstu viku.

Að lokum sagði Guðríður okkur frá fundi sem hún fór á með hverfisnefnd Síðuhverfis. Þar var verið að kynna félagsmiðstöðvar. Þar kom upp að hætt hafi verið við sparkvöll við Síðuskóla. Þessum sparkvelli var búið að lofa og átti að byrja á honum í vor. Stjórnin var mjög óhress með þessar málalyktir og var ákveðið að reyna að kalla saman fund á mánudaginn með hverfisnefnd til að ræða málin og fá einhvern úr bæjarstjórn með á þann fund.

Næsti fundur ákveðinn á þriðjudaginn eftir viku með bekkjarfulltrúum.

Fundi slitið.

Sigríður Bjarnadóttir.